

Umhverfisnefnd  
Nefndasvið Alþingis  
Alþingi v/Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 01. febrúar 2011  
2011010026/42-1-1  
TB  
jgo/tb

### Frumvarp til laga um umhverfisábyrgð

Vísað er til tölvupósts/bréfs frá umhverfisnefnd Alþingis, dags. 26. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um umhverfisábyrgð, 299. mál.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreint frumvarp og gerir eftirfarandi athugasemdir við það.

1. Í 2. gr. *Gildissvið* segir m.a. í 2. mgr. að löggin gildi auk þess um umhverfistjón á vernduðum tegundum og náttúruverndarsvæðum. Ef litið er á skilgreiningu á hugtakinu náttúruverndarsvæði í 6. gr. frumvarpsins kemur í ljós að hún er ekki sú sama og í lögum um náttúruvernd nr. 44/1999. Í lögum um náttúruvernd nær skilgreining á náttúruverndarsvæði einnig yfir svæði á náttúruminjaskrá. Svæði sem hafa verið samþykkt á náttúruverndaráætlun skv. ákvörðun Alþingis falla ekki heldur undir skilgreiningu á náttúruverndarsvæði skv. 6. gr. í frumvarpsins. Þetta þýðir að svæði og tegundir sem falla undir frumvarpið vegna **annarrar starfsemi** eru eingöngu friðlýstar tegundir og friðlýst svæði. Að mati Náttúrufræðistofnunar er þetta ekki ásættanlegt og ekki í samræmi við tilskipunina sem verið er að innleiða (2004/35/EB). Tilskipunin er miklu víðtækari hvað þetta varðar þar sem hún nær til svæða sem eru sérstaklega vernduð samkvæmt tveimur tilskipunum fugla- og vistgerðatilskiðununum þ.m.t. svokölluð NATURA 2000 svæði og allar vistgerðir sem upp eru taldar í viðauka I í vistgerðatilskipuninni. Frekar litlar líkur eru á því að önnur starfsemi sem veldur skaða sé að finna á friðlýstum svæðum hér á landi. Um 20 % landsins eru friðlýst en hafa ber í huga að þarf af er Vatnjökull einn um 8.000 ferkílómetrar og Breiðafjörður er einnig inn í þessari tölu en áhöld eru um vernd hafsvæðisins þar. Þannig að löggin, vegna annarrar starfsemi, ná eingöngu til um 10 % landsins. Eins og áður segir falla út svæði á náttúruminjaskrá og svæði á náttúruverndaráætlun, svæði sem í mörgum tilfellum geta verið mikilvægari heldur en friðlýst svæði því bæði er að alls ekki er búið að friðlýsa öll svæði með hátt náttúruverndargildi og mörg friðlýstra svæða eru friðlýst vegna annars en lífríkis. Mörg helstu lífríkissvæði landsins eru ófriðuð en að finna á náttúruminjaskrá og má t.d. nefna leirur á Vesturlandi, mörg stærstu fuglabjörg landsins, mörg votlendissvæði og þannig mætti áfram telja. Náttúrufræðistofnun leggur því til að náttúruverndarsvæði



verði skilgreint í 6. gr. eins og í lögum um náttúruvernd auk þess að svæðum á náttúruverndaráætlun verði bætt við. Jafnframt þyrfti að tilgreina að lögin taki tillit til tegunda á valista.

2. Í 1. mgr. 3. gr., Umhverfistjón, segir að umhverfistjón sé: „Tjón á vernduðum tegundum og náttúruverndarsvæðum, þ.e. tjón sem hefur **veruleg skaðleg áhrif** á varðveislu þeirra tegunda eða náttúruverndarsvæða. Áhrifin skulu metin með hliðsjón af fyrra ástandi að teknu tilliti til viðmiðana í reglugerð sem sett er samkvæmt 7. gr.“ Að mati Náttúrufræðistofnunar er þetta ekki rétt þýðing á enska textanum: "...environmental damage means: ...*damage to protected species and natural habitats, which is any damage that has significant adverse effects on reaching or maintaining the favourable conservation status of such habitats or species.*" Hér er átt við að umhverfistjón sé tjón sem hafi **marktæk óhagstæð áhrif á ákjósanlega verndarstöðu** tiltekinnar tegundar eða svæðis frekar en veruleg skaðleg áhrif á fyrra ástandi. Sé hugtakið **veruleg skaðlega áhrif** notað má túlka það sem svo að ekki sé þörf á að grípa inn í fyrr en alvarlegt tjón hefur orðið sbr. notkun orðsins í lögum um mat á umhverfisáhrifum.
3. Vakin er athygli á því að í 3. gr. er vísað í lög um stjórn vatnamála sem ekki eru samþykkt þegar þessi umsögn er gefin.
4. Það er afar mikilvægt fyrir framkvæmd laganna að mati Náttúrufræðistofnunar að lögin sjálf tilgreini skýrt þau viðmið sem skuli nota til að ákvarða hvað teljist náttúrulegt ástand, grunnástand, og hvenær umhverfistjón hafi orðið og fagnar stofnunin því 7. gr. frumvarpsins og telur hana afar mikilvæga en telur að laga megi orðalag.

Í 1. mgr. 7. gr. segir: *Ákvörðun um hvort umhverfistjón hefur orðið eða yfirvofandi hætta á umhverfistjóni hefur skapast skal tekin með hliðsjón af ástandi áður en hin skaðlegu áhrif urðu, afþreyingargildi tegundar og svæðis og getu til náttúrulegrar endurnýjunar. Nota skal gögn um mælanlega þætti til að staðreyna hvort um sé að ræða verulegar skaðlegar breytingar á fyrra ástandi, m.a. gögn um...*" Hér er greinilega um tilvísun að ræða í Annex I í tilskipun EB um umhverfisábyrgð. Náttúrufræðistofnun telur að þennan texta þurfi að laga. Texti Annex I hefst svona: *The significance of any damage that has adverse effects on reaching or maintaining the favourable conservation status of habitats or species has to be assessed by reference to the conservation status at the time of the damage, the services provided by the amenities they produce and their capacity for natural regeneration. Significant adverse changes to the baseline condition should be determined by means of measurable data such as...*"

Náttúrufræðistofnun legur til að texti 1. mgr. 7. gr. verði eftirfarandi: *Ákvörðun um hvort og að hvað miklu leiti umhverfistjón hefur orðið eða yfirvofandi hætta á umhverfistjóni hefur skapast skal tekin með hliðsjón af og metið út frá ákjósanlegri verndarstöðu tegundar eða svæðis á þeim tíma sem tjónið varð, þjónustu og gæðum sem tegund og/eða svæði veita og getu þeirra til náttúrulegrar endurnýjunar. Nota skal gögn um mælanlega þætti til að staðreyna hvort um sé að ræða marktækar óhagstæðar breytingar á fyrra ástandi, m.a. gögn um...* Laga þarf einnig lítillaga texta í b lið 7. gr. og hann verði: "það hlutverk sem viðkomandi einstaklingar tegundarinnar eða hið skaðaða svæði gegnir gagnvart tegundinni eða vernd svæðisins og hversu sjaldgæf tegundin eða svæðið er..."



Náttúrufræðistofnun Íslands vill að lokum vekja sérstaka athygli á því að framangreint frumvarp byggir á því að vöktun á lífríki Íslands, bæði tegundum og vistkerfum, sé með þeim hætti að sem minnst óvissa sé um hvað eigi að telja ákjósanlega verndarstöðu tiltekinnar tegundar eða svæðis. Um þennan þátt er ekki sérstaklega fjallað í lögnum og gert ráð fyrir að önnur lög tryggi að svo sé s.s. lög um stjórn vatnamála og lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur o.s.frv. Það er hins vegar svo að vöktun og rannsóknir á lífríki Íslands eru um margt mjög áfátt og oft virðist sem að auðveldara sé að sækja fjármagn til að búa til formið en að tryggja þá þætti sem eru undirstaða þess. Það er afar mikilvægt að viðhalda ákjósanlegri verndarstöðu íslenskrar náttúru en það er ekki síður mikilvægt fyrir alla atvinnustarfsemi að hún sé ekki sökuð um að valda umhverfistjóni að ósekju og þarf því að tryggja fjármagn í vöktun og rannsóknir til að tryggja undirstöðuna.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson

